


Skíðabraut 2. 1943 Jóabúð (Landnúmer: 151686 Fastanúmer: 2155168).

(Saga Dalvíkur III bindi bl. 118).

Um 1941 fékk Jóhann G Sigurðsson bóksöluleyfi og setti þá á stofn bókkaverslun í húsakynnum skóverkstæðisins og sinnti báðum greinum samt; þjónaði sveitungum sínum í báða enda, ef svo má segja. Fljótlega bar bóksalinn þó sigurorð af skósmiðnum. Árið 1946 hætti Jóhann skóviðgerðum og helgaði sig bókkaversluninni einvörðungu, enda fóru bókkakaup stórum vaxandi, ekki hvað síst meðal Dalvíkurbúa. Jóhann lét af störfum 1974, tæplega hálfáttræður.



Stærð húss er l: 12,5 b: 8,2 h: 2,7 + ris 1,75.

Stutt saga húss:

Jóhann Guðlaugur Sigurðsson lét reisa húsið 1942 til 43 og var það áfast norðurgafli hússins Dröfn sem stóð á horni Skíðabrautar og Hafnarbrautar en nú er horfið. Húsið var úr timbri, einangrað með reiðing og sagi og fleiru tilfallandi. Klætt að utan með bárujárni. Risþak úr timbri, klætt með bárujárni. Í norðurendanum hússins rak Jóhann skóverkstæði frá upphafi til 1946 og samtímis rak hann einnig bókkaverslun og umboð fyrir happdrætti, og hélt því áfram til 1974 er hann lét af störfum og seldi Sóleveigu Antonsdóttur reksturinn. Jóhann bjó í suðurenda hússins þar til hann flutti á Dalbæ á Dalvík árið 1980. Rafverktakinn Electro Co hf. keypti húsnæðið af Jóhanni 1975 og hóf þar starfsemi með nýlagnir og viðgerðir í húsum og skipum. Þarna voru 4 starfsmenn. Þegar Electro Co flutti í nýtt húsnæði árið 1990 keypti Jón Halldórsson Skíðabraut 2 og hóf þar rekstur skíðþjónustu, reiðhjólaviðgerða og sportverslunar, undir nafninu Sportvík ehf. Jón selur Dalvíkurbyggð húsið 1998 og flutti starfsemina annað. Síðustu árin hefur byggingafyrirtækið Kvistur ehf. Verið með húsið á leigu og rekið þar trésmiðaverkstæði.



Athugasemd um húsið:

Skíðabraut 2 hefur haldið útliti sínu í stórum dráttum í gegnum tíðina. Eftir að Electro Co eignaðist húsið og í tengslum við að Dröfn var rifin, var smíðaður stafn á norðurenda hússins og skipt um klæðningu á öllum útveggjum. Bárujárnið fjarlæggt og plastklæðning sett í staðinn. Húsið var að nokkru leiti einangrað upp á nýtt innan í grindina. Í sama skiptið var skipt um glugga og útihurðir og þeim breytt. Gluggarnir í suðurendanum voru síðir, og var þeim skipt með einum standandi pósti og tveimur liggjandi í sex jafnstór hólf. Eftir breytingu er þeim skipt með einum liggjandi pósti í stærra hólf að neðan og minna hólfu að ofan og í því laust fag. Jón Halldórsson fór í það um 1992 að moka burt einangrun sem var ofan á loftinu og var aðallega sag, hey og reiðingur, og setti glerull í staðin. Einnig negldi hann upp járneð á þakinu en það er eftir sem áður upphaflega bárujárnið. Við það tækifæri var múrþípan fjarlægð. Jón fækkaði milliveggjum innanhúss og renndi í gólfið.

Athugasemd um umhverfi húss:

Skíðabraut 2 stendur á 432,0 m². viðskipta og þjónustulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Þetta er hornhús við Skíðabraut og Hafnarbraut og er mikil umferð um þetta horn. Húsið er óheppilega staðsett m.t.t. umferða og skipulagsmála og hefur verið rætt um að flytja það eða rífa.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1943-1980	Jóhann Guðlaugur Sigurðsson	Íbúð, skóverkstæði og bókaverslun
1975-1990	Electro Co f.	Rafverkstæði
1990-1998	Jón Halldórsson	Reiðhjólaverkstæði, sportvöruverslun og skíðþjónusta
1998-	Dalvíkurbyggð	Trésmíðaverkstæði.

Skíðabraut 4. 1940 (Landnúmer: 151688 Fastanúmer: 2155176)
(Landnúmer: 151686 Fastanúmer: 2155168)

Stutt saga húss:

(Saga Dalvíkur, III bindi, bl. 348).

Árið 1943 var tekið í notkun nýtt húsnæði Pósts og síma að Skíðabraut 4. Það hús lét Þorsteinn Jónsson, kaupmaður og póstafréttslumaður reisa árið 1940 til 1942 með framlagi frá Póstmálastofnun sem tryggði sér afnotarétt fyrir starfseminu, skv. sérstökum samningi. Póstur og sími var í suðurenda hússins, en verslun Pöntunarfélags alþýðu á Dalvík í norðurenda. Póstur og sími rak starfsemi sína þarna í suðurendanum þar til nýtt húsnæði Pósts og síma á Hafnarbraut 26 var tekið í notkun árið 1963. Eftir að Póstur og sími fór þá eignaðist Dalvíkurhreppur suður enda Skíðabrautar 4 og flutti



skrifstofu sína af kaupfélagsloftinu, þar sem þær höfðu verið frá því að það hús var tekið í notkun 1953. Hreppskrifstofan og seinna bæjarskrifstofan, var þarna í húsinu alveg þangað til Ráðhús Dalvíkur var tekið í notkun 1978. Pöntunarfélag alþýðu á Dalvík "PAD" sem Kristinn Jónsson og fleiri höfðu forgöngu um að stofna, leigði fyrst um sinn norðurenda hússins af Þorsteini kaupmanni, undir geymslu og sölubúð frá árinu 1946 og þar til félagið var lagt niður 1957, en hafði á tímabilinu eignast húsið. Eftir að PAD er lagt niður er stofnar nýtt félag sem tekur við starfseminni sem nefndist

Vöruhúsið á Dalvík. Árið 1961 keypti Kaupfélag Eyfirðinga verslunarhús og birgðir Vöruhússins á Dalvík og 1. júlí 1963 opnar útibú KEA nýja kjörbúð að Skíðabraut 4. (*Saga Dalvíkur. IV bindi bl. 233.*) Uppúr 1950 var byggt við norðurenda hússins og þar var rekin olíuafgreiðsla og sjoppa á vegum BP. Það var Tómas, bróðir Kristins Jónssonar sem stóð fyrir viðbyggingunni og þeim rekstri sem það var stundaður. Þessi sjoppa var af gárunum kölluð Klemman af því að hún var staðsett mitt á milli PAD og Siggabúðar sem var þarna aðeins norðar. Eftir að kjörbúð KEA tók til starfa varð þessi ný



endi hússins sameinaður miðryminu og gerður að lager búðarinnar. Kjörbúðin var við líði í um aldarfjórðung en hún var lögð af eftir að hin nýja verslun kaupfélagsins, Svarfdælabúð, var tekin í notkun 1984. Árið 198? Keypti Friðrik Gígja þann hluta hússins sem hafði tilheyrð Kjörbúðinni og setti þar á laggirnar veitingahús undir nafninu Kaffi menning. Þann rekstur flutti hann árið 1990 að Hafnarbraut 14 og þá keypti Viðar Valdemarsson húseignina og setti á fót bar undir nafninu Lúbarinn. Enn fleiri reyndu fyrir sér í veitingahúsarekstrinum í húsinu. Árið 1995 keypti Árni Júlíusson staðinn og ári seinna er það Ferðapjónusta Dalvíkur ehf. sem er skráð fyrir hlutanum. 2003 til 2005 er Kristín Rósa Hjálmsdóttir eigandi og loks eignaðist núverandi eigandi, Sveinn Ríkarðsson norðurpartinn árið 2005, og hann hefur innréttað tvær íbúðir á neðri hæðinni sem hann leigir út. Í suðurendanum hefur verið rekið handverksverkstæði og saumastofa frá því að bæjarskrifstofan flutti út. Fyrst var þar saumastofan Gerpla sf. sem þær Þórunn Þórðardóttir og Svanfríður Jónasdóttir ráku frá 1985 til 1995 en þá keyptu handverkskonurnar Helga Árnadóttir, Ósk Jónsdóttir, Anna Kristinsdóttir og Vigdís Sævaldsdóttir endann og settu á fót gallerí. Núverandi eigandi, Lína Björk Ingólfssdóttir, eignaðist partinn 2006 og hélt úti galleríi í nokkur ár en hefur nú innréttað íbúð í endanum sem hún leigir út.



Athugasemd um húsið:

Húsið er gjörbreytt frá upphaflegri gerð. Uppúr 1950 var byggt við norðurenda hússins og þar var rekin olíuafgreiðsla og sjoppa á vegum BP. Á sama tíma var sett nýtt þak á allt húsið. Áður hafði verið skúrþak en þess í stað var sett risþak þar sem mænirinn er ekki fyrir miðju húsi og því ekki sama þakhalla hvoru megin áss. Eins hafa í gegnum tímann verið gerðar breytingar á gluggum, eftir því hvaða starfsemi hefur farið fram í húsinu.

Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið stendur á 400,0 m². viðskipta og þjónustulóð í eigu dalvíkurbyggðar. Húsið stendur fast við gangstétt fram við götu.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
(Landnúmer: 151688 Fastanúmer: 2155176)		
1940-1963	Þorsteinn Jónsson, kaupmaður	
1963-1978	Dalvíkurhreppur	Hreppsskrifstofur
1985-1995	Gerpla sf.	Saumastofa
1995-1996	Hólmfríður M Sigurðardóttir	Gallerí og vinnustofa
1995-2006	Helga Kristín Árnadóttir Ósk Sigríður Jónsdóttir Anna W Kristinsdóttir Vigdís Sævaldsdóttir	
2006	Lína Björk Ingólfssdóttir	Gallerí fyrst og íbúð eftir 2012
(Landnúmer: 151686 Fastanúmer: 2155168)		
1940-195?	Þorsteinn Jónsson, kaupmaður	
195?-1957	Pöntunarfélag alþýðu á Dalvík "PAD"	Geymslu og sölubúð
1957-1961	Vöruhúsið á Dalvík	Geymslu og sölubúð
1961-198?	Kaupfélag Eyfirðinga	Kjörbúð KEA
198?-1990	Friðrik Gígja	Kaffi menning
1990-1995	Viðar Valdemarsson	Lúbarinn
1995-1996	Árni Anton Júlíusson	Veitingahús
1996-2002	Ferðapjónusta Dalvíkur ehf.	Veitingahús
2002-2003	Sjóá-Almennar tryggingar h.f.	
2003-2005	Kristín Rósa Hjálmarsdóttir	
2005-2005	Sjóá-Almennar tryggingar h.f.	

2005

Sveinn Ríkarðsson

Íbúðir

2012-

Andis Jubass
Liena Jaunbelzere
Marzena Barbara Kusojc
Olga Maria Anisiewicz

Vallholt 1920 Skíðabraut 5 (landnúmer: 151689 / fastanúmer: 215-5178)

(saga Dalvíkur III bindi, bl. 289)

(l: 7,6 – b: 6,3 – h: 8,0). Einnar hæðar íbúðarhús á steinsteyptum kjallara með porti og risi. Kjallari, þrjú herbergi og gangur m/ uppgöngu á aðalhæð. Þar fjögur herbergi og forstofa m/ uppgöngu á loft. Þar sex herbergi. Geymsla á hanabitalofti (1932).

Fjós, hlaða, mykjuhús (l: 11,0 – b: 3,7 – h: 2,5). Steinsteypt m/ járnþaki.



(Fasteignarmat 1931)

Lóð 1,3 ha. Girt með vírneti, gaddavír og timbri, leigulóð. Íbúðarhús 7,5 x 6,25 m veggshæð frá kjallara 3,10 m, rishæð 2,5m steypdur kjallari, timburhús, útveggir pappklæddir og járn á þaki, gólf og loft úr timbri. Húsið er í meðallagi vandað, hirðing og viðhald í meðallagi, rakalaust og hlýtt. Einn steypdur reykháfur. Útihús eru fjós 3,13 x 3,44 m. Haughús 3,44 x 1,88 x 2 m af steinsteypu með járnþaki.

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

”Portbyggt tréhús á steypdur kjallara”. Miklar skemmdir – miklar viðgerðir – húsið talið óbyggilegt. Þarf að sperra við norðurgafli og kjallara. Íbúar 7. Húsráðendur; Gunnlaugur Sigfússon og Sigríður Sigurðardóttir.

(Gjörðarbók byggingarnefndar. F. 19. júlí 1949:)

Erindi frá Benedikt Jónssyni Vallholti þar sem hann óskar eftir leyfi til að byggja verkstæði á lóð sinni við Vallholt (bak við íbúðarhúsið). Uppdráttur fylgir. Byggingin verði úr timbri múrhúðuð með bárujárnþaki. Byggingarnefnd samþykkti að leyfa þetta og fól byggingarfulltrúa að staðsetja það nánar.

Stutt lýsing húss.

”Portbyggt tréhús á steypdur kjallara”. Miklar skemmdir – miklar viðgerðir – húsið talið óbyggilegt. Þarf að sperra við norðurgafli og kjallara. Íbúar 7. (Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar).

Húsráðendur; Gunnlaugur Sigfússon og Sigríður Sigurðardóttir. Í dag er húsið fallega uppgert og mikið bæjarprýði. Eigendur þess eru afkomendur Gunnlaugs og Sigríðar.



Athugasemd um húsið.

Vallholt var í upphafi byggt af vanefnum og úr frekar rýrum efnivið. Húsið var forskalað einhvertímamann snemma á ferlinum, og var mjög illa farið þegar hafist var handa við endurbætur. Húsið var gert upp frá grunni 2005 til 2008. Reynt var að nýta það sem hægt var að nýta úr grindinni, gólfi og lofti en húsið er að mestu nýtt hús. Vallholt er notað sem frístundarhús frá 2008 og fram á daginn í dag.

Athugasemd um umhverfi húss.

Hellulagt bílaplan norðan við húsið, hlaðinn torfveggur framan við, verönd og af henni timburtröppur niður í garð vestan húss. Sunnan við er sólpallur, girtur skjólvegg í kring.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1920-	Gunnlaugur Sigfússon Sigríður Sigurðardóttir	
1942-	Hallgrímur Kristinsson (1906) Guðrún Guðjónsdóttir (1895)	
1942	Sigríður Mariasesdóttir	Rannveig Rósinkarsdóttir (1928)
	Sigurjón Baldvinsson (1877) Evlalý Baldvinsdóttir (1889)	Brimar Sigurjónsson (1928)
1944?-	Þórður Jónsson (1969) Rósa Kristjánsdóttir 1965)	
1949	Benedikt Jónssyni Jonna? Ásmundsdóttir	Ásmunda (1942?)
1953 - 1962 1953?- 1963	Óli A. Jónsson Bergþóra Guðlaugsdóttir	Andrea (1942) Jóhanna (1949)
1953?-1955	Gunnar Þorsteinsson	
1954-1955	Gunnlaugur Þorleifsson	
1957-1958	Björg Jónsdóttir	
1964 - 1974 1964 - 1967	Jóhanna S Halldórsdóttir Sigríður M Jónsdóttir	Jón Emil Ágústson (1954)
1966 - 1967	Jóhanna Kr Gunnlaugsdóttir	
1975-1966	Hallgrímur Hreinsson Herdís Aðalheiður Geirsdóttir	Ingibjörg María (1973) Einar Bjarki (1975)
1977-1983	Jón Emil Ágústson	
1977-1979	Aldís Silja Emilsdóttir	
1978-1979 -1980	Kristján Aðalsteinsson Hólmfríður Garðarsdóttir	
1979-1980	Ágúst Kars Gunnarsson Hanna Rut Jóhannsdóttir	Samúel Ívar (1974) Stefán Arnar (1978)
1980-1982	Magnús Rúnar Hafsteinsson Sólborg Ester Ingimarsdóttir	Ágústa (1980)
1983-1986	Steinar Agnarsson	Símon Darri (1982)

Jónína Símonardóttir

1986-1988
1987-1988

Þórunn Kr. Sigurðardóttir
Þórir Magni Hauksson

Gunnar Árni Magnason (1986)

1987-1999
-2001

Ingvi Carles Ingvason
Helga Halldórsdóttir

Halldóra (1981)
Kristín Heiða (1982)

2001-2005

Enginn í húsinu

2005

Dalvíkurbyggð

2005

Arnór Þórir Sigfússon
Sigríður Elín Sigfúsdóttir
Gunnlaugur Sigfússon

Björk 1930 (Elinórshús) Skíðabraut 6.

Lnr: 151690

Fnr: 215-5179

(*Saga Dalvíkur III bindi, bl. 289 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l:10,0 – b: 7,5 – h: 7,3). Steinsteypt íbúðarhús, tvær hæðir m/ risi. Neðri hæð fjögur herbergi, afþiljuð að mestu og máluð. Efri hæð ófrágengin að öllu.

Skúr (l: 2,0 – b: 2,0 – h: 2,0). Skúr áfastur húsinu, úr bárujárnri m/ forstofu að húsabaki. Kolaofn. Rafmagn til ljósa (1932)

(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Tvílyft steinhús á grunni, tréloft og tréþak, neðri hæð þiljuð innan. Húsið mikið skemmt – óíbúðarhæft.

Þarfnast mikilla viðgerða. Þarf að sperra við gafla. Íbúar 7. Húsráðendur; Elinór Þorleifsson og Sesselja Hjörleifsdóttir.



Stutt saga húss

Húsið byggðu Elinór Þorleifsson frá Klængshóli og Sesselja Hjörleifsdóttir frá Gullbringu, árið 1930. Steinsteypt íbúðarhús, tvær hæðir með risi. Neðri hæð fjögur herbergi, afþiljuð að mestu og máluð. Efri hæð ófrágengin að öllu framanaf. Þau bjuggu þar á neðrihæð hússins í nokkur ár eða þar til þau selja Guðrúnu Kristjánsdóttur og Gesti Hjörleifssyni, bróður Sesselju hæðina. Þau Gestur og Guðrún bjuggu í Björk alla sína búskapartíð og eignuðust afkomendur þeirra neðrihæðina í Björk eftir þeirra dag. Húsið hefur lengst af verið tvær íbúðir. Þegar Gunnlaugur Hallgrímsson og Hulda Vigfúsdóttir keyptu efrihæð hússins 1936 var hún óinnréttuð og létu þau gera þar íbúð. Var þá byggð forstofa og stigauppgangur norðan á húsið með svölum. Gunnlaugur og Hulda fluttu til Akureyrar árið 1948 en þá keypti Gunnar Jónsson og Friðrikka Ármannsdóttir hæðina og búa þar meðan bæði lifa.



Íbúðarlánasjóður eignaðist efri hæðina í Björk árið 2009 og seldi núverandi eigendum þeim Gregorz Henryk Brandt og Jolanta Krystyna Brandt hæðina 2010. Gildi-lífeyrissjóður eignaðist neðrihæð hússins 2009 og seldi þeim Gregorz og Jolantu hana 2012, þannig að nú eiga þau allt húsið.

Athugasemd við hús

Árið 2013 var einn gluggi sem staðsettur var syðst á austurhlið neðrihæðar fjarlægður og múrað upp í gatið. Árið 2014 var reist garðstofa sem staðsett er vestan við íbúðarhúsið og áfast því. Garðstofan er 23,9 m², með steyptum útveggjum á steyptum sökkli. Þak stofunnar er steinsteypt og myndar svalir fyrir efrihæð hússins. Steypt gólfplata og er lagður í hana gólfhitalögn. Skúr á vesturhlið hússins var fjarlægðar. Ennfremur var reykháfur sem var vestan á forstofubyggingunni fjarlægður.

Athugasemd við umhverfi húss

Húsið stendur á 586 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið er hornhús á mótum Skíðabrautar og Mímisvegar. Timburgirðing með þéttu neti er sunnan húss og það eru nokkur reisuleg reynitré og víðirunnar.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1930-1936	Elinór Þorleifsson Sesselja Hjörleifsdóttir	
<i>Neðrihæð</i> 1936-1995 -2001	Gestur Hjörleifsson Guðrún Kristinsdóttir	Kristinn Elvar (1934) Lóreley (1937) Þóra (1938) Álfheiður (1942) Sigurbjörg Jóna (1945) Kári Bjarkar (1948)
1998-	Ágúst Bergur Kárason	
2001-2002	Kristinn Gestsson Loreley Gestsdóttir Þóra Gestsdóttir Álfhildur Gestsdóttir Sigurbjörg Gestsdóttir Kári Bjarkar Gestsson	
2002-2004	Heiðrún Villa Friðriksdóttir	
2004-2009	Reynir Magnússon	
2009-2012	Gildi –lífeyrissjóður	
2012 og enn	Grzegorz Henryk Brandt Jolanta Krystyna Brandt	
<i>Efri hæð</i>		
1936-1948	Gunnlaugur Hallgrímsson Hulda Vigfúsdóttir	
1948-1993	Gunnar Lyngstað Jónsson Friðrikka Ármannsdóttir	
1993-1995	Helga Björk Eiríksdóttir	
1995-2003	Svanfríður Jónsdóttir	
-1998	Telma Lind Baldursdóttir	Orri Freyr Örvarson (1995)
1999-2001	Jurijs Semjonovs Natalja Semjonova	Jelena Semjonova (1982)
2002-2003	Dagur Óskarsson Heiðrún Villa Friðriksdóttir	

2003-2005	Friðmundur Helgi Guðmundsson
2005-2005	Jóhann G Gíslason
2005-2007	Adolf Gunnar Vilhelmsson
2007-2009	Björn Halldór Sturluson
2009-2010	Íbúðalánasjóður
2010 og enn	Grzegorz Henryk Brandt Jolanta Krystyna Brandt

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Tveggja hæða steinhús á grunni. Þak og loft úr timbri. Þiljað innan. Húsið eyðilagðist. Þarf að sperra við gafla. Íbúar 11 talsins. Húsráðendur; Sigurður Þorgilsson og Petrína Jónsdóttir.



(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986) Jónínubúð

Útveggir úr steinsteypu og járnklætt þak, skúrþak. Gólf úr steinsteypu en annað úr timbri. Hæð skipt með timburskilrúmum og steinskilrúmum í 9 herbergi og forstofu. Stærð; L- 9,7 B- 7,3 H- 3,3 m. Eigandi; Slysavarnarfélag Íslands.

Stutt saga húss:

(Saga Dalvíkur III bindi, bl. 208)

Hjónin Sigurður Þorgilsson frá Sökku og Petrína Jónsdóttir frá Nýabæ bjuggu í Lambhaga á Dalvík, þegar hér er komið sögu, tvílyftu steinhúsi, með lofti út tré, þiljað innan. Petrína var vanfær og komin langt á leið. Aðfaranótt 2. júní 1934 var sótt ljósmóðir, Albína Jónsdóttir, til hennar. Litlu fyrir hádegi ól hún stúlkubarn. Sigurður, maður Petrínu, var nærstaddur en vík sér frá eftir fæðinguna, þar eð hann hafði menn í vinnu. Albína sótti síðan mjólkurvelling og fór að mata Petrínu. Þegar hún var mið þriðju skeiðina, dundu ósköpin yfir: Allt lauslegt datt af veggjum. Ofan í rúm sængurkonunnar, sem var upp við steinvegg, féll skápur; hana sakaði þó ekki. Grauturinn helltist yfir hana, en það kom ekki heldur að sök. Skyndilega klofnaði einn veggurinn þvínæst frá. Hávaðinn var ærandi. Petrína bað Albínu bjarga barninu. Þegar hún ætlaði út, stóð hurðin á sér. Í því bar Sigurð að. Kvað hann norðurstafn hússins hruninn, reykháfinn fallinn, suðurstafn hængi uppi. En gæti farið sömu leið hvenær sem væri. Petrína var borin út í undirsænginni, en Albína greip hvítvoðunginn, vafði í sæng og bar heim í Nýabæ.



Eftir Dalvíkurskjálftann var byggt nýtt hús fast sunnan við hið hálfhrunda hús. Efrihæð skemmda hússins var rifin en neðrihæðin látin standa og var sett á hana skúrþak. Eftir að nýrra húsið var risið var það tengt við eldrahúsið með því að loka portinu á milli þeirra. Þó hefur aldrei verið innargengt milli húsanna.

Athugasemd við hús

Árið 1977 eignaðist Slysavarnarfélag Íslands Jónínubúð og gerði það að miðstöð sinni. Byggður var tvöfaldur bílskúr norðan við húsið. Eftir að slysavarnarfélagið flutti í annað húsnæði árið 1991 keypti Leikfélag Dalvíkur húsið og notaði sem félags og æfingaaðstöðu. Árið 2011 seldi Leikfélagið Jónínubúð núverandi eigendur "Uppstreymi ehf" og er það nú frístundarhús. Núverandi eigendur hafa lagfært húsið að utan, sett þakkant og skipt um glugga og sett nýja glugga á tvöfalda bílskúrinn sem ekki voru áður.



Athugasemd við umhverfi húss

Jónínubúð stendur á 425 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur alveg á lóðarmörkum fram við gangstétt. Enginn girðing er kringum lóðina en bílastæði er fast norðan við húsið. Húsið er sambyggð húsi nr 7a

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1930	Þorsteinn Jónsson , kaupmaður	
1930	Sigurður Þorgilsson Petrína Jónsdóttir	
1949-1966 -1984	Jónína Jónsdóttir Gunnar Júlíusson	
1967-1968	Þórarinn Þorleifaaon og Ingibjörg Jónsdóttir	
1977-1991	Slysavarnarfélag Íslands	
1991-2011	Leikfélag Dalvíkur	
2011	Uppstreymi ehf	

Lambhagi Skíðabraut 7a

Lnr: 151691


Fnr: 215-5181

(Saga Dalvíkur III bindi, bl. 288 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936))

(l: 11,6 – b: 7,75 – h: 7,5). Timburhús á steinsteyptum grunni. Tvær hæðir og ris. Allt járnvarið. Neðri hæð skipt m/ timburskilrúmum í sjö herbergi, gang, "tvöfalda" forstofu og alþiljaða uppgöngu á efri hæð. Allt málað og veggfóðrað. Efri hæð skipt m/ timburskilrúmum í átta herbergi. Allt málað. Fyrir neðri hæð: miðstöðvarvél m/ ofnum; fyrir efri hæð; miðstöðvarketill m/ ofnum. Rafmagn til ljósa. (endurmat 1939).

Geymsla og heyhlaða (l:10,0 b: 7,2 h: 3,5), steinsteypt, áföst íbúðarhúsinu.

Fjós (l: 4,5 b: 2,8 h: 2,5)



(Saga Dalvíkur IV bindi, bl. 100)

Þegar umsvif jukust á Dalvík og einkum eftir að bílaumferð fór að verða tíðari milli Akureyrar og dalvíkur þótti mönnum vanta gistihús á Dalvíl. Því var það að hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps tók málið í sínar hendur 1934, mælti með að einhver sækti um leyfi til greiðalöru- og gistihúsarekstur. Ekkert gerðist í gistihúsamálum í nokkur ár. Leitaði sveitarstjórn þá til manns í Reykjavík. Sá hét Þorlákur Björnsson, þá búsettur þar, er sótti um veitingaleyfið og fékk það. Hann fluttist til Dalvíkur 1939. Í fyrstu hafði hann veitingar á efstu hæð Lambhaga, en keypti síðar Ásbyrgi og starfrækti þar gisti- og greiðasöluhús um árabíl undir nafninu Hótel Ásbyrgi. Kona Þorláks hét Anna Pétursdóttir.

(Fasteignarmat 1940)

Eigandi og ábúandi: Sigurður Þorgilsson

Lóð 0,44 ha. Íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum grunni, 2 hæðir ris, allt járnvarið, járnþak stærð: 11,8 x 7,75 x 6,3 m. miðstöð, raflýst.

Önnur bæjarhús geymsluhús (Jónínubúð) torf og steinsteypt og járnþak. Húsin gölluð eftir jarðskjálftann. Stærð: 10,0 x 7,2 x 3,0 m.

Fjós fyrir 2 kýr steinsteypt gamalt, pappaþak.



*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986)*Lambhagi

Útveggir úr timbri klæddir járn. Risþak járnklætt. Neðstagólf úr steinsteypu en annað úr timbri. Timburstigi. Hæð skipt með timburskilrúmum í 6 herbergi, gang, forstofu með uppgöngu á efrihæð. Efrihæð skipt með timbri í 8 herbergi og gang allt að fullu frágengið. Stærð; L11,8 B- 7,75 H-6,5 m. Áfast húsi er byggður skúr úr err-steini með bárujárnþaki. Stærð; L- 4,0 B- 4,0 H-2,0 m. Eigandi Stefán Björnsson.

Stutt saga húss

Þorsteinn Jónsson, kaupmaður lét byggja Lambhaga eftir jarðskjálftann 1934. Hann átti húsið til dauðadags. Þar bjuggu fyrst á neðri hæðinni þau Sigurður Þorgilsson frá Sökku og Petrína Jónsdóttir frá Nýabæ, systir Þorsteins kaupmanns. Efrihæðin var innréttuð og tekin í notkun nokkrum árum á eftir þeirri neðri og þá innréttuð sem gistihús. Í Sögu Dalvíkur er sagt að þar hafi verið opnuð veitingasala árið 1939, en ekki er getið um hve lengi hún hefur verið starfrækt. Þegar umsvif jukust á Dalvík og einkum eftir að bílaumferð fór að verða tíðari milli Akureyrar og Dalvíkur þótti mönnum vanta gistihús á



Dalvíl. Því var það að hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps tók málið í sínar hendur. Leitaði sveitarstjórn til manns í Reykjavík. Sá hét Þorlákur Björnsson, þá búsettur þar, er sótti um veitingaleyfið og fékk það. Hann fluttist til Dalvíkur ásamt kona sinni Önnu Pétursdóttur 1939. Í fyrstu ráku þau gisti- og veitingarþjónustu á efri hæð Lambhaga í nokkur ár, en keyptu seinna húsið Ásbyrgi og fluttu starfsemina þangað og starfrækti þar gisti- og greiðasöluhús um árabíl undir nafninu Hótel Ásbyrgi. Ragnheiður Jónsdóttir og Þorgils Sigurðsson, sonur Sigurðar Þorgilssonar og Petrínu, bjuggu á efri hæð Lambhaga í nokkur ár. Á neðri hæðinni bjó þá Ingibjörg Jóhannsdóttir ásamt 2 dætrum sínum. Stefán Björnsson og Dagbjört Árnadóttir sem búið höfðu á Grund í Svarfaðardal, kaupa húsið af Jóhönnu Þorsteinsdóttur, sem þá var ekkja eftir Hannes Þorsteinsson, Jónssonar kaupmanns. Stefán og Dagbjört fluttu inn á efrihæðina um vorið 1960. Í sögu Dalvíkur er lýst herbergjaskipun á báðum hæðum (3.b, bls. 288), og þegar Stefán og Dagbjört kaupa húsið hafa aðeins litlar breytingar verið gerðar þar á. Stofa á neðri hæð hefur verið stækkuð, og fækkað um eitt herbergi, á efri hæð hafa tvær stofur sem voru áður verið sameinaðar. Þegar þau kom í húsið voru handlaugar í öllum herbergjunum á efri hæðinni og einnig brunakaðlar í herbergjunum enda enginn neyðarúgangur af þeirri hæðinni.

Athugasemd við hús

Þau létu innrétta eldhúsið og gera neyðarútgang og litlar svalir austan á húsið og létu gera við eitthvað af gluggum á neðri hæð. Seinna var öllum gluggum á húsinu breitt. Ekkert þvottahús var í húsinu og aðstaða til þvotta var engin. Stefán byggði því skúrinn sem enn er austan við húsið og útbúa þar þvottahús og geymslu. Þá þurfti mikið meira pláss til þvotta en núna enda var þetta fyrir tilkomu sjálfvirkra þvottavéla.

Þegar Jóhannes, sonur þeirra Stefáns og Dagbjartar flutti inn á neðri hæð Lambhaga vorið 1963 lét hann breyta eldhúsinu þar í núverandi horf, en þá var þar kolaeldavél og sennilega upprunalega eldhúsinnréttingin, en hann segist ekki lengur muna hvernig hún leit út, enda var maður ekki meðvitaður um verndargildi gamalla hluta á þeim tíma. Þá tíðkaðist bara að rusla burt öllu gömlu drasli snarlega og byggja nýtt. Einnig lagfærði hann stofuna og herbergið sem var innaf henni en breytti ekki herbergjaskipan.

Núverandi eigendur Lambhaga eru þau börn Stefáns og Dagbjartar: Björn Runólfur, Anna og Þorsteinn Svörfuður Stefánsbörn.

Athugasemd við umhverfi húss

Húsið stendur á 575,0 m² lóð í eigu Dalvíkurbyggðar.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1934-1939	Sigurður Þorgilsson Petrína Jónsdóttir	
1939-1949	Þorlákur Björnsson Anna Pétursdóttir	
efri hæð 1953? -1959	Þorgils Sigurðsson Ragnheiður Jónsdóttir	
1960-1995	Stefán Björnsson Dagbjört Ásgeirsdóttir Björn Runólfur Stefánsson	Þorsteinn Svörfuður Anna Stefánsdóttir Sigurlaug Stefánsdóttir

neðri hæð 1953?-1960	Ingibjörg Jóhannsdóttir	Ingibjörg Hafliðadóttir Hafdís Hafliðadóttir
1960-1962	Sigríður Hannesdóttir	
1960-1969	Jóhannes Stefánsson Hugrún Marinósdóttir	
1973-1974	Guðvarður Pétursson María Ásgeirsdóttir	
1974-1980	Jóhanna Þorsteinsdóttir	
1965-	Gunnar Friðriksson Anna Stefánsdóttir	
1970-	Birkir Angantýsson Hafdís Guðnadóttir	
1971-1972	Óskar Pálmason Guðný Helga Bjarnadóttir	
1981-1988	Ólafur Tryggvason Friðrikka Haraldsdóttir	Jón Haraldur Ólafsson
1985	Kristrún Erla Gestsdóttir	
1996	Björn Runólfur, Anna og Þorsteinn Svörfuður Stefánsbörn.	

Skíðabraut 14. Oddi 1941.

(Landnúmer: 151698 Fastanúmer: 2155196).

Stutt saga húss:

Oddi var byggður um 1941 og það var Júlíus Halldórsson sem lét byggja það og var fyrsti eigandi. Faðir hans, Halldór Sigfússon, vann með syni sínum við bygginguna enda fékkst hann mikið við bæði smíðar og múrverk. Byggingameistarinn var Gísli Magnússon. Húsið er hlaðið úr r-steini á steiptum grunni og var steinninn steiptur á staðnum. Gísli átti sjálfur mót sem hann kom með. Kjallarakompa er undir smá hluta hússins og þar var upphaflega kynding. Húsið er með valmapaki, járnklæddu og steiptir þakkantar. Veggir einangraðir með reiðing og tréspænir og kurl uppi á lofti. Þau Júlíus og Þórey bjuggu í húsinu í níu ár til 1950 en flytja þá til Akureyrar og selja Pálma Jóhannssyni og Lilju Hannesdóttur húsið. Þau bjuggu í húsinu allt til æviloka og börn þeirra Óskar og Ásdís eignast Odda eftir þeirra dag. Árið 2005 keypti Agga Hauksdóttir húsið ásamt systur sinni Elínu. Núverandi eigandi Odda frá 2011 er Danuta Ewa Górka.



Athugasemd um húsið:

Meðan Pálmi átti húsið var lítið gert fyrir það utan hefðbundið viðhald. Lengi framan af var lítið forskyggni við húsið baka til sem var laust og tekið frá yfir veturna og lagt á hliðina í garðinum. Það var svo um 1980 sem Pálmi byggði varanlegri skúr úr timbri, klæddan masonít-plötum á steiptum grunni, áfastan húsinu að vestan. Milli 1970 og 80 og aftur um 2000 var farið í smávægilegar viðgerðir á þaki þar sem kominn var fúi í sperruenda. Árið 1992 var gert við glugga, föls dýpkuð og sett nýtt gler. Tekinn var einn póstur úr hverjum glugga. Eftir að Agga keypti Odda lætur hún renna í gólfið sem var orðið sígið og sprungið.



Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 475,0 m². Í eigu Dalvíkurbyggðar. Húsið stendur fram við götu og er malbikuð gangstétt að aðalinngangi austan húss. Lóðarmörk vestan húss liggja að lóð grunnskóla Dalvíkur. Húsið er „einstæðingur“ í götumyndinni. Það stendur nokkuð fjarri næsti húsum sem öll eru stærri og flest hýsa stofnanir.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1941-1950	Júlíus Halldórsson Þórey Kristín Sigmarsdóttir	Eðvarð (1933) Brynjar (1935) Hildur (1941)
1950-1997 -2003	Pálmi Jóhannsson Lilja Hannesdóttir	Aðaldís (1948) Óskar (1948)

	Dagur Óskarsson
2003 - 2005	Óskar Pálmason Ásdís Pálmadóttir
2005 - 2011	Agga Hrönn Hauksdóttir
2005-2011	Elín Hauksdóttir
2005-2011	Guðmundur Karl Ólason
2005-2007	Sigurður Einar Hlíðar Jensen
2006-2007	Krystyna Bogumila Rybus
2007-2011	Jóhann Gunnar Sigdórsson
2009	Danuta Ewa Górka
2012	Artur Michal Szubert Tomasz Dariusz Wacki


Skóli 1 (Skíðabraut 12) 1932

(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1984)

Steinsteypt hús með járnlæddu rispaki. Hæð skipt með steinsteypu í 6 herbergi, gang og skála. Rishæð skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi. Stærð; L- 24,3 B- 10,0 H-3,87 m

(Saga Dalvíkur III bindi bl. 87)

Í febrúar 1928 var haldinn hreppsnefndarfundur. Hann sátu þeir Stefán Jónsson, Brimnesi, formaður fræðslunefndar, og Sigurjón héraðslæknir. Þeir skoruðu á hreppsnefnd að koma upp, svo fljótt sem kostur er á, skólahúsi á Dalvík, sem fullnægði kröfum yfirstandandi tíma og nánustu framtíðar, þar sem skólahús það, sem nú er, er orðið allt of lítið og ekki hægt að notast við það lengur. Það var þó ekki fyrr en í apríl 1933 sem komst hreyfing á málið. Oddviti sveitarstjórnar Jóhann Jóhannsson í Sogni, taldi að nú hlyti röðin að vera komin að Dalvíkingum hvað byggingarstyrk varðaði, og bað um að láta gera teikningu og kostnaðaráætlun af fyrirhuguðu skólahúsi fyrir 60-70 börn. Er ekki að orðlengja það, að skólinn var reistur og að fullu frágenginn á árunum 1933-1934. Til hússins hefur verið vandað eftir föngum, vænta menn þess, að það þoli samanburð við betri skóla landsins. Líka var tekið tillit til þess með styrkleika á grunni og veggjum, að ofan á það mætti byggja í framtíðinni og séð fyrir uppgöngu á efri hæð, ef til þess kæmi.



(Saga Dalvíkur III bindi bl. 216 (Dalvíkurjarðskjálftarnir))

”Skólahúsinu var ráðstafað til íbúðar fjölskyldum Sigurðað Þorgilssonar og Elíasar Hjalldórssonar, fékk hvor sína stofu. Ákveðið var að koma upp skýli og eldaskála áfast við það, og reis hann litlu síðar. Að öðru leyti var skólahúsið ætlað sjúklingum, ef til þyrfti að taka”.



Gjörðabók byggingarnefndar. F. 16. maí 1955:

lögð fram teikning að barnaskólabyggingu. Teikningin gerir ráð fyrir tveggja hæða viðbótarbyggingu austan við gamla skólahúsið. Samþykkt var að mæla með teikningunni en þó rætt um að óæskilegt væri að brjóta dyr úr forstofu gamla skólans út í bakanddyri með tilliti til þess að það myndi mjög veikja horn hússins.



Athugasemd vegna umhverfis húss.

Húsið stendur á svæði fyrir þjónustustofnanir og í samhengi við aðrar skólabyggingar á Dalvík. Lóðin er hefðbundin skólalóð með leiksvæði og er afmörkuð með timburgrindverki að sunnan og austanverðu. Malbikaður leikvöllur framan við bygginguna og einnig malbikað plan norðan við. Grasflöt er sunnan húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur / íbúar	Börn
1933-1947	Svarfaðardalshreppur	
1946-1974	Dalvíkurhreppur	
1974-1996	Dalvíkurkaupstaður	
1996 og enn	Dalvíkurbyggð	

Skíðabraut 17. 1943 Dalsmynni .

(Landnúmer: 151699 Fastanúmer: 2155197).

(Landnúmer: 151699 Fastanúmer: 2155198).

(Landnúmer: 151699 Fastanúmer: 2155199).

Stutt saga húss:

Kristinn Jónsson (Kiddi sund) byrjaði að byggja Dalsmynni árið 1943. Hann hafði áður byggt húsið Runna en fluttist í Dalsmynni ásamt seinni konu sinni, Sigurlaugu Jónsdóttur árið 1945. Fyrsta árið bjuggu þau í kjallarannum. Jón Stefánsson í Hvoli var byggingameistari hússins. Þetta er fúnkis-hús, útveggir af steinsteypu og einangrað í timburgrind innan með reiðingi og klætt innan með asbesti. Þakið er slétt steinsteyppt þak með um 40 cm. hatti í kring og niðurfalli við skorsteininn inn á miðju þaki. Allir gluggar voru smíðaðir úr viði sem var kallaður mahonibróðir. Húsið var múrað að utan með



kvarts. Múrarmeistarar frá Akureyri, bræðurnir Gunnar og Sveinn Óskarssynir, múruðu húsið. Kristinn átti allt húsið til 1962 þegar hann seldi Heimi syni sínum og Valborgu Sigurjónsdóttur konu hans miðhæðina. Þá fluttust Kristinn og Sigurlaug upp á efstu hæðina. Um 1965 seldi Kristinn svo öðrum syni sínum, Níelsi og konu hans Guðbjörgu Antonsdóttur, efstu hæðina og kjallarann. Þá fluttu gömlu hjónin í kjallarann og voru þar til æviloka. Í kjallarannum hafa síðan verið ýmsir leigjendur í lengri eða skemmri tíma. Árið 1998 seldi Níels Guðbjörgu sinn hlut í eigninni og á hún hana enn. Þegar Heimir og Valborg fluttust á Húsabakka og Heimir varð skólustjóri þar, seldu þau Þorsteini bróður Heimis og Kristínu Ásgeirsdóttur miðhæðina. Þau áttu hæðina í nokkur ár. Dúi Andersen eignast miðhæðina 1985 og bjó þar til 2001 en seldi þá Elísabetu Kristínu Guðmundsdóttur og hún seldi núverandi eiganda Ingibjörgu Torfadóttur það sama ár.

Athugasemd um húsið:

Húsið hefur haldið sínu upphaflega útliti alla tíð og eru gluggar enn þeir sömu og í upphafi. Þegar Níels og Guðbjörg kaupa efstu hæðina er glerfirbygging eða turn yfir svölunum og náði upp fyrir þakið, sem sennilega hefur verið sett á fljótlega eftir að húsið var byggt. Þetta þótti mjög frammúrstefnulegt hér á Dalvík. Þessi glerbygging var fjarlægð um 1970. Norðurgafli hússins var lengi óþéttur og var búið að reyna að þétta það með ýmsum ráðum, án árangurs. Það var svo nú fyrir fáum árum að stafninn var einangraður í timburgrind og klæddur utan með lituðu bárujárnri. Rúnar Búason vann það verk.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar er 1.000,0 m². í eigu Dalvíkurbyggðar. Á gömlu skipulagi frá þeim tíma sem húsið er byggt er gert ráð fyrir götu sem átti að liggja frá Skíðabraut, niður og sunnan við Dalsmynni og niður fyrir og sunnan við Nýjabæ og héti Flæðavegur. Þá var gert ráð fyrir að Dalsmynni væri Flæðavegur 10. Bílskúr er á lóðinni sem er byggður árið 1974. Malar bílastæði er framan við húsið og steyppt stétt við húsið að inngangi að vestan. Einnig er steyppt stétt sunnan við húsið. Mikill og gróskumikill garður er sunnan við húsið með hávöxnum greni, reyni, birki og víðitrjám. Austan við húsið er lítið trégarðhúsi.



Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1952-1973	Kristinn Jónsson Sigurlaug Jónsdóttir	Heimir (1940) Níels (1943)
Mið hæð 1962-1972	Heimir Kristinsson Valborg Sigurjónsdóttir	Sindri Már (1964) Sigrún Vilborg (1970)
1972-1973	Jón Sigursteinsson Sigrún Svava Aradóttir	Ari Theódór (1969)
1973-1975	Valdimar Bragason Rósa Þorgilsdóttir	Ragnheiður (1973)
1975-1979	Þorsteinn Kristinsson Kristín Ásgeirsdóttir	
1985-2001	Dúi Kristján Andersen	
2001-2004	Elísabet Kristín Guðmundsdóttir	
2004	Ingibjörg Torfadóttir	Tryggvi Dalmann Ólason (1990) Guðbjörg Anna Óladóttir (1993) Hafsteinn Óli Berg (2000)
Efri hæð 1952-1953	Anton Baldvinsson Lilja Tryggvadóttir	Sólveig (1936) Guðlaug (1937) Guðrún (1942) Jóhann (1946)
1954-1959 1962-	Magnús H Sigurbjörnsson Hildigunnur Kristinsdóttir	Kristinn (1951) Sigurbjörg S (1953) Guðrún Helga (1956) Ingólfur (1957) Júlíus (1962) Fjóra (1964)
1960-1962	Þorgils Sigurðsson Ragnheiður Jónsdóttir	Þórunn (1946) Rósa (1951) Kristín S (1955)
1963-1964	Jónatan Kristinsson	
1966-1998	Níels Kristinsson Guðbjörg Antonsdóttir	Anton Páll (1966) Birgitta (1970) Þorleifur (1978)
Kjallari 1953?-1960	Haukur Kristinsson Guðrún Jakobsdóttir	Valur (1955) Agga Hrönn (1958)

1953-1959	Jónas Jónsson	
1958-1962	Indriði Pálmason	
1971-1972	Einar Ólafur Sigurjónsson	
2006-2007	Numnual Khakhlong Phimpha Saengrach	
2007-2009	Zenel Krasniqi Kumrije Krasniqi	Erlinda (2003) Elion (2005)e
2011-	Adam Kulesza Dawid Pawel Dzionbziakowski Sylwia Kulesza	

Vegamót, 1914.

Landnr: 151829

Fastanr: 215-5421

(Svarfdælingar II bindi bl. 470)

Smábýli sem kemur fyrst fram með þessu nafni 1916 og mun vera stofnað það ár. Vegamót eru innarlega á Dalvíkinni og má segja að þau séu á mörkum kaupsins og sveitarinnar eins og þau voru lengi. Býlinu fylgir nokkrar grasnytjar.



(Saga Dalvíkur II bindi, bl. 401 (eins og staðan var 1918))

Eigendur og húsráðendur Þorsteinn Jónsson frá Hóli út og k.h. María Eðvaldsdóttir úr Nýabæ. Íbúðarhús úr torfi og timbri 12 x 6 álnir.

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 1 ha. Girt með gaddavírgirðingu. Á lóð er torfbær, leigulóð. Húsið er 7,5 x 3,75 m úr torfi og timbri byggt 1914, rakt en hlýtt. Fjós og fjárhús af torfi 7,5 x 7,5m. Eigandi Þorsteinn Jónsson.

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Torfbær, veggir gliðnaðir en grindin stæðileg. Reykháfur þarfnast viðgerðar. Húsráðendur, Ingigerður Sigfúsdóttir og sambýlismaður Valdimar Jónsson.

(Fasteignarmat 1940)

Eigandi Þorsteinn Jónsson (frá Hóli) ábúandi, Ingigerður Sigfúsdóttir.

Lóð 2,66 ha. Töðufall 45 hestar. Áhöfn 1 kýr og 2 kindur. Vatnsleiðsla í húsið.

Íbúðarhús af timbri og bárujárni stærð: 7,5 x 3,8 x 2,5 m. gamalt, viðgert 1934 allstæðilegt.

Stutt saga húss:

Smábýli sem kemur fyrst fram með þessu nafni 1916 og mun vera stofnað það ár. Þorsteinn Jónsson bjó á hluta af Hóli á Upsaströnd frá 1907 til 1909 en flutti þá til Dalvíkur og bjó þar til æviloka. Hann eignast Vegamót og um skeið, (1916 til 1922) hafði hann þar aðsetur og var stundum kenndur við þann stað. Kona hans var María Eðvaldsdóttir en hún dó í Vegamótum 1920 af barnsförum, þá 42 ára gömul.

Arnór Björnsson og kona hans Þóra Sigurðardóttir flutti frá Ytra-Garðshorni í Vegamót árið 1921 og bjuggu þar í eitt ár en fluttu þá að Knappstöðum í Fljótum.

Sigurður Þorgilsson flutti frá Sökku árið 1922, ásamt konu sinni Petrínu Þórunni Jónsdóttur frá Nýabæ í Vegamót og þau bjuggu þar til 1924 en flutti þá í Karlsá.

Ingigerður Sigríður Sigfúsdóttir bjó í Vegamótum frá 1924. Ingigerður missti Arngrím mann sinn í sjóinn sumarið 1910 frá stórum barnahópi þegar þau bjuggu í Jarðbrúargerði. Árið 1911 réð hún til sín ráðsmann, Valdimar Jónsson, fyrr bóndi á Syðri-Másstöðum. Bjuggu þau saman í "Gerðinu" til 1924, en fluttu þá til Dalvíkur og áttu þar heima í Vegamótum til æviloka en hún dó 1947. Ingigerður var frábærlega dugleg og tápmikil kona. Auk barna sinna ól hún upp Bergþóru Jónsdóttur sonardóttur sína.

Eftir að húsið lagðist af sem mannabústaður var það nýtt sem gripahús í mörg ár en nú er þar rekin ferðaþjónusta.

(Greinargerð Hólmsteins Snædal sem hafði umsjón með endurbyggingu Vegamóta).

Gamla húsið á Vegamótum er byggt árið 1914, þegar fólk fór að flytja til Dalvíkur til fastrar búsetu.

Húsið er eiginlega eldra en ártalið segir til um því það er af 19. aldar gerð. Enginn grunnur eða sökkull var undir



veggjum heldur voru bara stoðir með stoðarhellu undir endum, og síðan var húsið þiljað að innan með panel en hlaðnir torfveggir að utan. Þessir torfveggir voru upp fyrir miðja vegg á langhlíðum en upp undir glugga á stöfnum. Ofanvið þessa torfveggi var panelklætt utaná stoðirnar, með þykkum tjörupappa undir.

Að innanverðu var húsið klætt með standandi panel sem stóð í falslistum að ofan og neðan. Tæplega helmingur af lengd hússins, suðurhlutinn er með bogalöguðu lofti. En hinn hlutinn er með bitum og klætt ofan á þá með misþykkum lélegum gólfborðum.

Eftir að byggt var nýtt hús á lóðinni var þetta hús notað sem fjós og geymsla, og síðast bílskúr. Við þetta hlaut það marga skrokkskjóðu á útliti og innviðum. Einhvern tíman á ferlinum hafa torfveggirnir verið rifnir og steypfir veggir utaná stoðirnar mishátt upp, en ekkert niður fyrir stoðir.

Athugasemd um hús:

Haustið 2008 var hafist handa við lagfæringar á húsinu, því annars hefði það ekki staðið mikið lengur. Að utanverðu voru veggirnir klæddir með nótuðum panel niður að áminnstum steinveggjum, þar sem þeir voru búnir að vinna sér hefðarrétt á staðnum. Þakið var klætt með bárujárni eins og verið hafði. Bæði panell og vindskeiðar voru hafðar að sömu gerð og var frá upphafi. Að innanverðu var steypit í gólfíð með hitalögnum í. Reynt var að rífa sem allra minnst, nota allt sem nýtilegt var. Suðurhlutinn með bogaloftinu er að mestu óhreyfður, nema falslisti við gólf var horfinn og því endurnýjaður. Loftbitar voru klæddir af og veggir klæddir með líkum panel og verið hafði. Forstofa í austur er að mestu óhreyfð. Gamla útihurðin var notuð en smíðaður nýr hurðarkarmur. Setja þurfti ný gólfborð á norðurhlutann en þau voru sett ofan á hin gömlu til að halda útliti og áferð neðra borðsins til haga. Allir gluggar voru smíðaðir nýir en þar sem slitur af gömlu gluggunum var ennþá til, var hægt að fara eftir þeim með stærðir, fræsingar og annað útlit. Þar með var glerið kittað í fögin.

Gamli Vegamótabærinn er nú risinn úr öskustónni. Mörg hús að svipaðri gerð voru byggð á Dalvík og í Svarfaðardal, en þetta er það eina sem eftir er uppistandandi. Þetta hús er því góður fulltrúi, og reyndar sá eini, þeirra húsa sem byggð voru meira af nauðsyn en efnum þegar fólk fór að setjast að við Dalvíkina.



Vegamót eru friðað hús samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldurs.

Athugasemd um umhverfi húss:

Stærð lóðar í Vegamótum er 1.468,5 m². gamla húsið stendur á baklóð og er hluti af gistipjónustu sem rekin er í Vegamótum.

Eigenda og íbúaskrá		
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur / íbúar</i>	<i>Börn</i>
1916-1922 -1920	Þorsteinn Jónsson frá Hóli út (dó 1967) María Eðvaldsdóttir	Jón Trausti (1911) Steingrímur (1913) Marínó Eðvald (1920)
1921-1922	Arnór Björnsson Þóra Sigurðardóttir	Margrét Sigrún (1913) Þórhallur Biering (1914) Björn (1915) Júlíana Þórhildur (1917) Lárus Gunnar (1919) Árni (1921)
1922-1924	Sigurður Þorgilsson	Þorgils (1921)

	Petrína Þórunn Jónsdóttir	Kristín Sigríður (1922)
1924-1947 -1944	Ingigerður Sigríður Sigfúsdóttir Valdimar Jónsson	Kristín (1905) Snorri Arngrímur (1908) Guðrún Rósa (1911) Bergþóra Jónsdóttir (1917)
1967-2005	Steingrímur Þorsteinsson Steinunn Sveinbjörnsdóttir	
2005	Bjarni Gunnarsson Kristín A Símonardóttir	